

Minnisblað

Dagsetning: 23. desember 2021

Viðtakandi: Rannveig Anna Guicharnaud, Náttúrufræðistofnun Íslands

Sendandi: Aðalsteinn Örn Snæpórsson, Náttúrustofa Norðausturlands

Efni: Vöktun náttúruverndarsvæða 2021. Verkefni 4 – Jökulsárgljúfur-Vatnajökulspjóðgarður. Ágengar og framandi tegundir.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er markmið um að vernda náttúrulegt gróðurfar og líffræðilega fjölbreytni innan Vatnajökulspjóðgarðs. Þar eru settir fram skilmálar um að eyða og halda í skefjum framandi tegundum, eins og alaskalúpínu, sem taldar eru geta spilt náttúrulegu gróðurfari og/eða líffræðilegri fjölbreytni. Þar er jafnframt lagt til að vaxtarstaðir og útbreiðsla framandi tegunda innan þjóðgarðsins skuli kortlögð og á grunni þeirrar vinnu sett fram markmið um hvaða tegundum skuli eytt og hverjum haldið í skefjum. Í framhaldinu verði svæðisbundnar aðgerðaáætlanir unnar sem kveða nánar á um til hvaða aðgerða skuli gripið innan hvers svæðis¹.

Framkvæmd 2021

Sumarið 2020 var útbreiðsla alaskalúpínu kortlögð norðan og sunnan þjóðveggar við Ásbyrgi, sjá minnisblað 2020 og 1. mynd. Á fundi með starfsmönnum þjóðgarðsins vorið 2021 var ákveðið að halda verkefninu áfram í sumar með sama hætti og reyna þá einnig að hnita útbreiðslu lúpínu á þekktum stöðum í Grjóthálsi innan þjóðgarðs og skammt sunnan við veg að Dettifossi. Eftir miðjan júlí hafði starfsmaður þjóðgarðsins samband við Náttúrustofuna til að láta vita að þau hefðu ekki tíma til að vinna verkefnið nema að litlu leyti. Náttúrustofan ákvað því að senda sumarstarfsmenn til að hnita helstu fundarstaði lúpínu sunnan þjóðveggar við Ásbyrgi og Ástjörn en starfsfólk þjóðgarðsins náði aðeins að taka lítinn hluta af því svæði. Einnig var útbreiðsla lúpínu meðfram Dettifossvegi frá þjóðvegi 85 og áleiðis að Hljóðaklettum kortlögð sem og lúpínubreiða sunnan vegar að Dettifossi. Samhliða kortlagningunni voru stakar plöntur rifnar upp og/eða fræbelgir fjarlægðir þar sem plönturnar voru komnar langt með að þroska fræ. Tekin voru fræ af öllum plöntum nema í norðvestur horni við afleggjarann að Hljóðaklettum, innan reiðvallargirðingar og í breiðu sunnan við Dettifossafleggjara. Allar plöntur meðfram vegi í Hljóðakletta voru rifnar upp. Áætlað er að náðst hafi að fjarlægja um 40-50% af heildar fræframleiðslu plantanna í þessum aðgerðum. Ekki náðist að kortleggja útbreiðslu alaskalúpínu í Grjóthálsi.

Vettvangsvinna fór fram 23., 26. og 28. júlí og var hún unnin af Bergþóru Kristjánsdóttur, Snæþóri Aðalsteinssyni og Degi Sæmundssyni sjálfboðaliða. Þann 16. ágúst var lúpínubreiðan sunnan vegar að Dettifossi kortlögð af Sigþrúði Stelli Jóhannsdóttur.


Úrvinnsla

GPS skrár hafa verið settar inn í Qgis og útbúin kort af útbreiðslu lúpínu á svæðinu. GPS skrár hefur verið skilað inn til Náttúrufræðistofnunar.


Niðurstöður og umræður

Útbreiðsla lúpínu norðan vegar var ekki kortlögð 2021 en kortlagning frá 2020 (1. mynd) gefur nokkuð glögga mynd af útbreiðslunni þar en lúpínubreiður milli þjóðveggar og landgræðslugirðingar voru slegnar.

¹ Vatnajökulspjóðgarður 2013. Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, náttúruvernd, útivist og byggðapróun.




1.mynd. Útbreiðsla og fundarstaðir lúpínu og skógarkerfils við Ásbyrgi 2020. Loftmyndagrunnur er fenginn frá Norðurþingi.



2. mynd. Útbreiðsla og fundarstaðir lúpínu sunnan Þjóðvegur við Ásbyrgi 2021. Loftmyndagrunnur er fenginn frá Norðurþingi.

2021 líkt og undanfarin ár. Útbreiðsla annarra ágengra tegunda en lúpínu var ekki kortlögð á svæðinu 2021. Sumarið 2021 voru skráðir og hnitsettir tæplega 400 fundarstaðir alaskalúpínu sunnan þjóðvegjar frá Jökulsárbrú og vestur að afleggjara í Hljóðakletta, sjá 2. mynd (sumarið 2020 var aðeins farið að reiðvelli). Innan reiðvallargirðingar vestan Eyju er einnig gisin lúpínubreiða, stakar plöntur í henni voru ekki hnitsettir. Meðfram vegi í Hljóðakletta voru skráðir og hnitsettir 48 fundarstaðir alaskalúpínu, sjá 3. mynd. Líkt og sumarið 2020 voru flestir fundarstaðir lúpínunnar nálægt þjóðvegi og mesti þéttleiki við vegamótin þrjú, Ástjörn, Ásbyrgi og Hljóðakletta, sem bendir til þess að lúpínan dreifist greiðlega með bílaumferð um svæðið. Aðeins um 20% plantnanna sem fundust meðfram vegi í Hljóðakletta báru blóm/fræ, afgangurinn voru litlar plöntur sem auðvelt var að uppræta. Til að stemma stigu við frekari dreifingu lúpínu meðfram Dettifossvegi og áfram inn í þjóðgarðinn er nauðsynlegt að ná að halda henni niðri í kringum þjóðveg 85, sérstaklega við gatnamótin að Hljóðaklettum og koma í veg fyrir að hún nái að þroska þar fræ sem síðan dreifast áfram með farartækjum.



3. mynd. Útbreiðsla og fundarstaðir lúpínu meðfram Dettifossvegi í Hljóðakletta og við Ásbyrgi 2021. Loftmyndagrunnur er er fenginn af Google Earth.

Sunnan við Dettifoss hefur lúpína náð að skjóta rótum vestan við Dettifossveg og mynda þar breiðu, sjá 4. mynd. Frá henni hafa fræin átt greiða leið í gegnum vatnsrör undir veginn og hún því einnig myndað breiðu austan hans. Í leysingum rennur vatn áfram eftir farvegum í austur og norðaustur frá veginum og mátti sjá stakar lúpínuplöntur á nokkru svæði austan vegarins (4. mynd). Þarna getur lúpínan átt greiða leið áfram í norðaustur í átt að Dettifossi og er mikilvægt að stöðva þá þróun sem allra fyrst.

Upp á Eyju, við reiðvöll, höfðu lúpínuplöntur verið rifnar upp í sumar (ekki skrásettar og hnitsettir) og plönturnar skildar eftir. Þar höfðu fræin náð að halda áfram að þroskast en nauðsynlegt er að ganga þannig frá að það gerist ekki.

Framhald vöktunar

Eftir þetta sumar er nauðsynlegt að endurskoða verkefnið og vinnu við það. Þó verkefnið hafi verið leyst með starfsmönnum Náttúrustofunnar í sumar þá getur stofan ekki aftur lagt til starfsmenn til að uppræta tegundirnar þó þeir geti komið meira að kortlagningu þeirra. Mikilvægt er að fylgjast áfram með dreifingu alaskalúpínu um svæðið, við Ásbyrgi, meðfram Dettifossvegi og í Grjóthálsi. Einnig er mikilvægt að fara skipulega um göngu-, reið- og hjólaleiðir svæðisins og kanna hvort alaskalúpína og/eða aðrar ágengar tegundir eru að dreifast með ferðamönnum um svæðið. Þá geta aðrar plöntutegundir en þær ágengu og framandi dreifst með ferðamönnum og væri gott að geta fylgst betur með nýjum landnemum og útbreiðslu einstakra tegunda innan þjóðgarðsins.

Kortlagning ágengra og framandi plöntutegunda er nauðsynleg til að meta árangur og forgangsraða aðgerðum.



4. mynd. Útbreiðsla og fundarstaður lúpínu við Dettifossveg sunnan Dettifoss 2021. Loftmyndagrunnur er fenginn af Google Earth.